



Alþingi  
Erindi nr. P 130/682  
komudagur 5.1.2004

## ÍSAFJARÐARBÆR

Alþingi  
menntamálanefnd  
150 Reykjavík

Ísafirði, 29. desember 2003  
Tilvísun: 2003120045  
afe/img

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um íslenska tákn málið sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra (bskj. 499 - 374. mál) og frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna viðurkenningar íslenska tákn málsins sem fyrsta máls heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra (bskj. 500 - 375. mál).**

Skóla- og fjölskylduskrifstofa Ísafjarðarbæjar fagnar framkomnum frumvarpum og telur aukna þjónustu við heyrnarlausra, heyrnarskerta og daufblinda Íslendinga eðlilega, sem og viðurkenningu á íslenska tungumálinu. Um er að ræða sjálfsögð mannréttindi og ekki hægt að telja annað en eðlilegt að íslenska ríkið stuðli að auknum mannréttindum á Íslandi og sýni þannig gott fordæmi fyrir önnur lönd. Skrifstofan vill þó benda á að grunnforsenda fyrir framkvæmd þessara laga er að ýta undir og auka möguleika á menntun í tákn málsfræðum og tákn málstúlkun á Íslandi. Enda er ómögulegt fyrir stofnanir og sveitarfélög að standa undir þeim kröfum sem gerðar eru samkvæmt þessu frumvarpi ef ekki fást menntaðir einstaklingar, eins og farið er fram á, til verksins.

Ekki eru gerðar athugasemdir við einstök efnisatriði frumvarpsins.

Skóla- og fjölskylduskrifstofa Ísafjarðarbæjar telur að um mikilvægt lagafrumvarp sé að ræða, auk breytinga á ýmsum lögum, sem kemur til með að bæta verulega samfélagsstöðu og möguleika heyrnarskertra, heyrnarlausra og daufblindra til mannglegra samskipta.

Virðingarfyllst

Ingibjörg María  
Guðmundsdóttir  
Forstm. Skóla- og  
fjölskylduskrifstofu  
Ísafjarðarbæjar  
Hafnarstræti 1  
400 Ísafjörður